

REGLUGERÐ um bólusetningar á Íslandi.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til bólusetninga (ónæmisáðgerða) og framkvæmdar þeirra á Íslandi. Allar bólusetningar skal skrá. Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að halda skrá um bólusetningar. Sóttvarnalæknir skipuleggur og samræmir bólusetningar um land allt.

2. gr.

Bólusetningar barna.

Bólusetningum barna er ætlað að verja börn gegn alvarlegum smitsjúkdómum. Börnum með lögheimili hér á landi skal boðin bólusetning gegn eftirtöldum sjúkdómum þeim að kostnaðarlausu:

1. barnaveiki
2. hettusótt
3. H. influenzae b sjúkdómi
4. kikhósta
5. mænusótt
6. mislingum
7. rauðum hundum
8. stífkrampa
9. meningókokkasjúkdómi C
10. pneumókokkasjúkdómi
11. leghálskrabbameini af völdum HPV
12. hlaupabólu

3. gr.

Bólusetningar fullorðinna.

Bólusetningum fullorðinna er ætlað að viðhalda endingu barnabólusetninga eða bæta slíka bólusetningu hafi hún ekki verið gerð á barnsaldri. Skal fullorðnum gefinn kostur á bólusetningum gegn eftirtöldum sjúkdómum:

1. stífkrampa
2. barnaveiki
3. kikhósta
4. lömunarveiki

Öllum sem eru í sérstökum áhættuhópum, og sóttvarnalæknir tilgreinir, skal gefinn kostur á bólusetningum gegn pneumókokkasýkingum og kikhósta.

Öllum sem eru í sérstökum áhættuhópum, og sóttvarnalæknir tilgreinir, skal gefinn kostur á bólusetningum gegn árstíðabundinni influensu og er bóluefni þeim að kostnaðarlausu.

Greiðsluhlutdeild fullorðinna samkvæmt 1. og 2. mgr. skal fylgja lögum og reglugerðum um sjúkra-tryggingar.

4. gr.

Aðrar bólusetningar.

Bólusetningar vegna opinberra sóttvarnaráðstafana skv. 12. gr. sóttvarnalaga þegar hætta er á alvarlegum farsóttum vegna eftirtalinnna sjúkdóma eða þegar sérstök smithætta er fyrir hendi innanlands skal vera mönnum að kostnaðarlausu:

1. berklaveiki
2. lifrabólgu A
3. lifrabólgu B
4. meningókokkasjúkdómi
5. öðrum sjúkdómum sem unnt er og brýnt að beita virkri bólusetningu gegn.

5. gr.

Gefa skal kost á bólusetningum, sem hinn bólusetti greiðir sjálfur fyrir, gegn viðeigandi sjúkdómum vegna ferða fólks úr landi.

6. gr.

Bólusetningar samkvæmt þessari reglugerð annast heilsugæslustöðvar eða aðrir þeir sem sóttvarnalæknir ákveður að geti haft þær með höndum. Sóttvarnalæknir skal bjóða út innkaup á bóluefnum.

7. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu í samráði við sóttvarnalækni gera almenningi kunnugt, hvernig bólusetningum er hagað.

8. gr.

Sóttvarnalæknir lætur heilsugæslustöðvum í té sérstakt skírteini sem afhent eru þeim sem bólusettir eru. Skal skrá í skírteinið allar bólusetningar sem viðkomandi gengst undir samkvæmt reglugerð þessari.

9. gr.

Sá sem bólusetur skal skrá bólusetninguna í sjúkraskrá. Þar skal koma fram hvaða bóluefni var gefið, hvenær það var gefið og hvort aukaverkanir hlutust af. Ef ekki er bólusett skv. 2. gr. skal skrá ástæðu þess.

10. gr.

Heilsugæslustöðvar, og aðrir þeir sem bólusetja, skulu senda sóttvarnalækni skýrslur um þær, sbr. 1 gr., a.m.k. árlega eða oftár samkvæmt ákvörðun hans. Senda skal sóttvarnalækni tilkynningar um hver var bólusettur, með hvaða bóluefni og hvenær, samkvæmt ákvörðun sóttvarnalæknis. Tilkynna skal um aukaverkanir bólusetningar samkvæmt ákvörðun sóttvarnalæknis.

11. gr.

Reglugerð nr. 221/2001, um bóluetningar á Íslandi, með breytingum skv. reglugerðum nr. 904/2013 og nr. 1197/2019.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 17. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingu, öðlast gildi 1. janúar 2020.

(Heilbrigðisráðuneytinu, 12. september 2019).